



**Fundargerð  
Oddvitanefndar  
uppsveita Árnæssýslu**



Fundur nr. 4 – 12.06.2023

4. fundur Oddvitanefndar uppsveita Árnæssýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, mánudaginn 12. júní 2023 kl. 11:30.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

**1. Atvinnumálastefna Uppsveita Árnæssýslu 2023-2027.**

*Fyrir fundinn liggur Atvinnumálastefna Uppsveita Árnæssýslu 2023-2027 sem hefur verið samþykkt í öllum sveitarfélögunum í Uppsveitum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð. Inn á fundinn kom ferðamálafulltrúi Uppsveita, Ásborg Arnþórsdóttir til að kynna næstu skref.*

*Samþykkt að leggja til við sveitarstjórnir Uppsveitanna að skipaður verði vinnuhópur um aðgerð númer 5 í atvinnumálastefnunni; móttökuáætlun. Hver sveitarstjórn skipar einn fulltrúa og einn til vara til að hefja vinnu við móttökuáætlun vegna móttöku nýrra íbúa. Hópurinn hefur síðan störf í haust þegar byggðarþróunarfulltrúi hefur verið ráðinn. Tilnefningum skal skila inn til Ásborgar.*

**2. Frístundastrætó.**

*Fyrir fundinn liggur áskorun frá íþróttafélögum í Uppsveitum þar sem skorað er á sveitarstjórnir í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi að koma af stað verkefni í samstarfi við íþróttafélögin með frístundastrætó. Málið rætt og Jóni og Haraldi falið að ræða við forsvarsmenn íþróttafélaganna.*

**3. Önnur mál**

*Rætt var um fyrirkomulag nefndarinnar. Formanni falið að taka saman gögn um starfsemi oddvitanefndar.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00.